

Fréttabréf

Foreldrafélags Sunnulækjarskóla

Stjórn foreldrafélags Sunnulækjarskóla 2019-2020

Anna Rut Tryggvadóttir, formaður

Pétur Aðalsteinsson, gjaldkeri

Elva Dögg Valsdóttir, ritari

Eva Dögg Jafetsdóttir, Jódís Ásta Gísladóttir, Bryndís Jónsdóttir og Berglind Hafsteinsdóttir, meðstjórnendur

Starf foreldrafélagsins fer vel af stað nú í byrjun vetrar og verður starf félagsins með hefðbundnu sniði líkt og undanfarin ár.

Við viljum hvetja bekkjartenglana okkar til dáða og benda á að inná fésbókarsíðu Foreldrafélagsins er að finna gagnlegan hugmyndabanka að tenglaviðburðum. Miðað er við að hafa einn viðburð á hvorri önn og býður foreldrafélagið 10.000 kr tenglastyrk á hvern árgang yfir skólaárið.

Fyrir börnin:

Þann 30. október s.l. fengu nemendur í fyrsta bekk merkt enduskinsvesti að gjöf frá okkur foreldrum. Lögreglan var viðstödd afhendinguna og hélt smá erindi um mikilvægi endurskinsmerkja í skammdeginu fyrir börn og ekki síður fullorðna.

Foreldrafélagið hefur undanfarin ár gefið skólanum gjöf sem nýtist börnum okkar, hvort sem er í leik eða starfi innan skólans. Ef þú ert með hugmynd af gjöf/viðburð þá endilega hafðu samband á fésbókarsíðu félagsins *Foreldrafélag Sunnulækjarskóla*

Allar ábendingar eru vel þegnar 😊

Fyrir foreldra og forráðamenn:

Í janúar stendur til að fá Kristínu Tómasdóttur rithöfund til að vera með erindi sem ber yfirskriftina Sterkari sjálfsmynd. Þar verður m.a. komið inná inn á hvernig við getum kortlagt sjálfsmynd okkar og barnanna okkar og leiðir til að koma í veg fyrir að hún þríst í neikvæða átt.

Fundurinn verður haldinn þann 14. janúar kl. 20 í Sunnulækjarskóla.

Við hvetjum foreldra einnig til að fylgjast með auglýstum fræðsluerindum á vegum Samborgar.



Gíróseðlar Foreldrarfélags

Sunnulækjarskóla eru nú komnir í heimabanka

foreldra/forráðamanna barna í Sunnulækjarskóla, **gjaldið er 2.000kr á heimili** og vonumst við að sem flestir sjái sér fært um að borga svo við getum haldið áfram að gera góða og skemmtilega hluti fyrir krakkana okkar

